

Ed.

533. Frumvarp til laga

[288. mál]

um sérstakan kostnaðarhlut útgerðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki sérstakan kostnaðarhlut útgerðar, er nemi 29% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir þegar fiskiskip selur eða afhendir afla sinn öðru skipi. Þessi sérstaki kostnaðarhlutur kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

Pó skulu 6½% af þeim 29% sem um getur í 1. mgr. koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum sem eru yfir 240 brúttórúmllestir, en 22½% ekki, og 10½% skulu koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum sem eru 240 brúttórúmllestir og minni, en 18½% ekki.

2. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn skal auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjár sjóðsgjalds samkvæmt lögum nr. 4/1976 draga 6% sem sérstakan kostnaðarhlut útgerðar frá heildarsöluverðmæti (brúttósölverðmæti) við ákvörðun aflaverðlauna, auka-aflaverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda ákvæði þeirra frá 1. febrúar 1986 og taka til afla sem landað er frá þeim tíma. Frá og með 1. febrúar 1986 að telja eru felld úr gildi ákvæði 1. og 2. gr. laga nr. 71 30 maí 1984, um ráðstafanir í sjávarútvegs málum með síðari breytingum, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 9 26. apríl 1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við ákvörðun fiskverðs fyrir tímabilið 1. febrúar 1986 til 31. maí 1986 var við það miðað, að kostnaðarhlutur útgerðar utan skipta lækkaði um 2½% við landanir innanlands, en 1% þegar fiskiskip selur afla sinn í erlendri höfn, og aflahlutir sjómanna hækkuðu sem því svarar. Frumvarp þetta er flutt til þess að framkvæma þessar breytingar á kostnaðarhlut, en um þær var ekki ágreiningur í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins og stóðu fulltrúar bæði sjómanna og útvegsmanna að þessari ákvörðun. Lagaákvæðin um kostnaðarhlut voru

upphaflega sett vegna hækkandi olíukostnaðar og rekstrarerfiðleika hjá útgerðinni. Nú hefur ræst úr með vaxandi afla og lækkandi olíuverði. Vonir standa til að gasolíuverð hér á landi muni lækka um 5 til 10% á næstu vikum. Hver 5% lækkun olíuverðs lækkar útgerðarkostnaðinn í heild um 120 m.kr. á ári (þar af um 100 m.kr. á botnfiskveiðum togara og báta 20–200 lestir). Með þeirri breytingu á kostnaðarhlut, sem hér er lögð til, skerðist hlutur útgerðarinnar í aflaverðmæti um nálægt 85 m.kr. á ári. (Þar af um 70 m.kr. á botnfiskveiðum togara og báta 20–200 lestir).

Eins og fram kemur í frétt Verðlagsráðs sjávarútvegsins, dags. 13. febrúar 1986 (fylgiskjal I), var við það miðað í fiskverðssamningunum, að verðbætur úr verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs skuli framvegis miðast við innanlandsverð á þeim fiski, sem fluttur er óunninn í gámum á erlendan markað, en ekki söluverð erlendis. Sjávarútvegsráðuneytið hefur hrundið þessu í framkvæmd eins og sést í fylgiskjali III. Í þessu felst að bætur til útgerðar vegna þessa afla lækka verulega, eða um nálægt 30 m.kr. á ári miðað við ísfisksölur í gámum 1985.

Um 1. gr.

Skv. 1. gr. laga nr. 9/1985 komu 4% af kostnaðarhlut til skipta á skipum yfir 240 brl., en 8% á skipum undir því stærðarmarki. Hér er lagt til, að báðar tölurnar hækki um 2½, þ. e. hlutur útgerðar utan skipta lækki sem þessu svarar.

Um 2. gr.

Skv. 2. gr. laga nr. 9/1985 var dreginn frá brúttósöluverði 7% sérstakur kostnaðarhlutur útgerðar auk frádráttartölu skv. kjarasamningum áður en hlutur áhafnar var reiknaður. Hér er lagt til að þessi frádráttur lækki um 1% og verði 6%.

Um 3. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Hér er lagt til, að ákvæði laganna gildi frá sama tíma og nýtt fiskverð, þ. e. frá 1. febrúar s. l. Jafnframt er lagt til, að eldri lagaákvæði um sérstakan kostnaðarhlut útgerðar verði felld úr gildi og þessi lög standi sjálfstætt. Eldri ákvæði um kostnaðarhlut útgerðar voru upphaflega hluti bráðabirgðalaga sem að miklu leyti eru úr gildi fallin eða eiga ekki lengur við.

Fylgiskjal I.

Frétt frá Verðlagsráði sjávarútvegsins.

Yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins ákvað í dag nýtt fiskverð, er gilda skal frá 1. febrúar til 31. maí 1986.

Ákvörðunin felur í sér 3½% meðalhækkun frá því verði, sem gildi til 31. janúar s. l.

Ákveðið var með samkomulagi í yfirnefndinni og með samþykki sjávarútvegsráðuneytisins að greiða á verðtímabilinu verðuppbætur úr verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs, sem hér segir: 20% á ufsaverð, þó ekki í mars og apríl, 16% á karfaverð, en 6% á annað botnfiskverð, þar með talið ýsuverð. Verðuppbót þessi greiðist aðeins á afla, sem landað er til vinnslu hér á landi. Enn fremur lá fyrir ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins að verðbætur úr Aflatryggingasjóði vegna ífisks, sem fluttur er með gámum á erlendan markað, skuli frá 1. febrúar 1986 miðast við innanlandsverð skv. ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins en ekki söluverð erlendis.

Þá var ákveðið með samkomulagi beggja aðila, að greiða skyldi 5% álag á verð óslægðs fisks sem ísaður er í kör og er í 1. gæðaflokki.

Þegar fiskverðsákvörðunin var tekin, var á því byggt, að sá hluti kostnaðarhlutar útgerðar, sem kemur til skipta samkvæmt lögum, verði aukinn um 2½%, þegar landað er innanlands en 1% þegar veiðiskip selur afla sinn erlendis. Forsenda þessarar breytingar er m. a. sú, að gasolíuverð hér á landi lækki sem næst 7% frá 1. mars og um 3% frá 15. mars næstkomandi.

Fari almenn launahækkun á verðtímabilinu skv. kjarasamningum fram úr 5%, er heimilt að segja fiskverðinu upp frá þeim tíma, er slík launahækkun tekur gildi. Verðinu verður þó ekki sagt lausu fyrr en frá 15. mars 1986.

Verðið var ákveðið með atkvæðum fulltrúa fiskseljenda og oddamanns gegn atkvæðum fulltrúa fiskkaupenda.

Í yfirnefndinni áttu sæti: Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, sem var oddamaður, Friðrik Pálsson og Gunnar Tómasson, fulltrúar kaupenda, og Kristján Ragnarsson og Guðjón A. Kristjánsson, fulltrúar seljenda.

Reykjavík, 13. febrúar 1986.
Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Fylgiskjal II.

Rekstraráætlanir botnfiskveiða og -vinnslu við fiskverðsákvörðun í febrúar 1986.

Tafla 1.

Áætlað rekstraryfirlit botnfiskveiða við fiskverðsákvörðun í febrúar 1986. (Áætlunin er byggð á ársreikningum útgerðarfyrirtækja, togara og báta 20–200 brl. frá árinu 1983, framreiknað með verð- og magnbreytingum til janúarloka 1986.)

(Millj. kr., kaupengi USD = 42.30)

	Fyrir fiskverðs- ákvörðun	Eftir fiskverðs- ákvörðun ¹⁾
Tekjur alls:	11 266,2	11 534,7
Seldur afli að viðbættum bótum úr Aflatryggingasjóði	10 932,8	11 201,3
Aðrar tekjur	333,4	333,4
Gjöld:	9 188,7	9 346,6
Aflahlutir	3 052,2	3 210,1
Laun og tengd gjöld	879,3	879,3
Oliur	1 800,1	1 800,1
Veidarfæri	772,5	772,5
Viðhald	1 108,5	1 108,5
Annar kostnaður	1 576,1	1 576,1
Verg hlutdeild fjármagns	2 077,5	2 188,1
Verg hlutdeild, % af tekjum	18,4	19,0
Reiknuð árgreiðsla, afskriftir og vextir af fastafjármunum²⁾		
Miðað við 3% vexti	1 731,5	1 731,5
Miðað við 6% vexti	2 143,2	2 143,2
Hreinn hagnaður:		
Miðað við 3% vexti í árgreiðslu	346,0	456,6
Miðað við 6% vexti í árgreiðslu	-65,7	44,6
Hreinn hagnaður sem hlutfall af tekjum:		
Miðað við 3% vexti í árgreiðslu	3,1	4,0
Miðað við 6% vexti í árgreiðslu	-0,6	0,4

1) Hér er reiknað með áhrifum fiskverðsbreytinga skv. ákvörðun yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins 13. febrúar s. l., sem tekur gildi 1. febrúar 1986, og 6% lækkun olíuverðs, 2½% lækkun á kostnaðarhlut útgerðar utan skipta við landanir innanlands en 1% lækkun á kostnaðarhlut við landanir erlendis.

2) Vátryggingaverðmæti skipa er notað sem stofnfjárhæð í árgreiðslu og er reiknað með 12 ára endingartíma og 10% hrakvirði.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 2.

Áætlað rekstraryfirlit frystingar og söltunar við fiskverðsákvörðun í febrúar 1986.
(Áætlunin er byggð á ársreikningum fyrirtækja frá árinu 1984, framreiknað með verð- og magnbreytingum til janúarloka 1986.)

(Millj. kr., kaupgengi USD = 42.30)

	Fyrir fiskverðsákvörðun			Eftir fiskverðsákvörðun*)		
	Frusting	Söltun	Samtals	Frusting	Söltun	Samtals
1. Tekjur alls:	11 908,6	4 765,1	16 673,7	11 908,6	4 765,1	16 673,7
1.1 Útflutningstekjur	11 545,6	4 557,8	16 103,4	11 545,6	4 557,8	16 103,4
1.2 Greitt í Verðj.sj. 1)	—	-110,0	-110,0	—	-110,0	-110,0
1.3 Selt af hráefni	167,5	130,3	297,8	167,5	130,3	297,8
1.4 Aðrar tekjur	195,5	187,0	382,5	195,5	187,0	382,5
2. Gjöld alls:	10 403,9	4 023,9	14 427,8	10 551,7	4 147,2	14 698,9
2.1 Laun og tengd gjöld	2 800,8	684,7	3 485,5	2 800,8	684,7	3 485,5
2.2 Hráefni	5 402,6	2 602,8	8 005,4	5 551,8	2 726,5	8 278,3
2.3 Umbúðir	506,0	42,8	548,8	506,0	42,8	548,8
2.4 Flutningskostnaður	256,5	161,3	427,8	256,5	161,3	417,8
2.5 Orka	291,5	69,9	361,4	290,1	69,5	359,6
2.6 Viðhald	366,8	111,2	478,0	366,8	111,2	478,0
2.7 Annar kostnaður	779,7	351,2	1 130,9	779,7	351,2	1 130,9
3. Verg hlutdeild fjármagns (3.=1.-2.)	1 504,7	741,2	2 245,9	1 356,9	617,9	1 974,8
4. Reiknaðir vextir vegna afurðalána 2)	404,1	119,6	523,7	404,1	119,6	523,7
5. Reiknuð árgreiðsla, afskriftir og vextir af fastafjármunum						
5.1 Miðað við 3% vexti	792,1	188,6	980,7	792,1	188,6	980,7
5.2 Miðað við 6% vexti	957,3	227,6	1 184,9	957,3	227,6	1 184,9
6. Hreinn hagnaður:						
6.1 Miðað við 3% vexti í árgreiðslu ..	308,5	433,0	741,5	160,7	309,7	470,4
6.2 Miðað við 6% vexti í árgreiðslu ..	143,3	394,0	537,3	-4,5	270,7	266,2
Hlutföll af tekjum alls, %						
Verg hlutdeild fjármagns	12,6	15,5	13,5	11,4	13,0	11,8
Hreinn hagnaður:						
Miðað við 3% vexti í árgreiðslu	2,6	9,1	4,4	1,3	6,5	2,8
Miðað við 6% vexti í árgreiðslu	1,2	8,3	3,2	0,0	5,7	1,6

*) Hér er reiknað með áhrifum fiskverðsbreytinga skv. ákvörðun yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins 13. febrúar s. l., sem tekur gildi 1. febrúar 1986, og 6% lækkun olíuverðs, 2½% lækkun á kostnaðarhlut útgerðar utan skipta við landanir innanlands en 1% lækkun á kostnaðarhlut við landanir erlendis.

1) Bráðabirgðatala.

2) Reiknað er með 10,5% vaxta- og lántökukostnaði og 4 mánaða meðalafurðalánatíma fyrir frystar afurðir og 3 mánaða meðalafurðalánatíma fyrir saltaðar afurðir.

3) Í árgreiðslu er reiknað með eftirfarandi endingartíma fastafjármuna:

Fasteignir 25,0 ár

Vélar og tæki 6,7 ár

Flutningstæki 5,0 ár

Stofnfjárhæð í árgreiðslu og samsetning fastafjármuna er metin út frá afskriftum og fyrningarskýrslum í ársreikningum fiskvinnslufyrirtækja.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Fylgiskjal III.

SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIÐ

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins,
Fiskifélagi Íslands,
Höfn/Ingólfsstræti,
101 REYKJAVÍK

18. febrúar 1986.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur ákveðið, að verðbætur þær, sem greiddar eru úr almennu deild Aflatryggingasjóðs á ífisk, sem fluttur er í gámum á erlendan markað, skuli frá 1. febrúar 1986 miðast við lágmarksverð það, sem ákveðið er af Verðlagsráði sjávarútvegsins hverju sinni, en ekki söluverð erlendis.

Við útreikning lágmarksverðs skal leggja til grundvallar verð fisks, sem metinn er í 1. gæðaflokk og er af meðalstærð viðkomandi tegundar samkvæmt aflaskýrslum til Fiskifélags Íslands.

Halldór Ásgrímsson.

Jón B. Jónasson.